

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. apríl 2012

1203020HA GG/mkh
Málalykill: 613

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluþátttöku ríkissjóðs vegna uppbyggingar Helguvíkurhafnar, 113. mál.

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp um greiðsluþátttöku ríkissjóðs vegna uppbyggingar Helguvíkurhafnar, þskj. 113 – 113. mál. Frumvarpið tekur til einnar hafnar af 26 höfnum, sem skilgreindar eru í drögum að samgönguáætlun fyrir tímabilið 2011–2022, en að auki eru 10 hafnir sem skilgreindar eru utan grunnets innan Hafnasambands Íslands.

Á síðustu mánuðum hefur nefnd á vegum innanríkisráðherra unnið að tillögum til breytingar á hafnalögum í því skyni að styrkja fjárhagsgrundvöll hafna og hefur nefndin skilað tillögum sínum til ráðherra.

Stjórn Hafnasambands Íslands fagnar framkomnu frumvarpi um greiðsluþátttöku ríkissjóðs vegna hafnarframkvæmda við Helguvíkurhöfn enda verði öllum höfnum á Íslandi tryggð sambærileg greiðsluþátttaka í framkvæmdum.

Varðandi einstaka liði frumvarpsins bendir stjórn Hafnasambands Íslands á eftirfarandi atriði sem vert er að athuga:

1. Fyrirhuguð greiðsluþátttaka skv. 2. grein frumvarpsins er mun víðtækari en ákvæði núgildandi hafnalaga gera ráð fyrir og nokkru víðtækari en gilti í eldri hafnalögum. Stjórn hafnasambandsins tekur undir þessa víðtæku skilgreiningu enda verði hún höfð að leiðarljósi við breytingu á núgildandi hafnalögum.
2. Í 3. grein frumvarpsins er tilgreind hlutdeild ríkissjóðs í upptökumannvirkjum fyrir skip. Gagnvart íslenskum höfnum hefur því verið haldið fram að slík ákvæði standist ekki samkeppnisreglur og ákvæði samninga íslenska ríkisins um evrópska efnahagssvæðið. Litið verður svo á að með lögfestingu ákvæðisins verði óvissu þar að lútandi eytt og tryggt að íslenska ríkið megi og geti styrkt gerð upptökumannvirkja.
3. Varðandi almenna ríkisstyrki til hafnaframkvæmda hefur Hafnasambandi Íslands verið kynnt efni bréfa frá ESA um að ekki megi styrkja gerð viðlegumannvirkja nema að tryggt sé að slíkt sé í þágu almannahagsmuna og að gerð þeirra raski ekki samkeppni. Hafnasambandið lítur svo á að með lögfestingu ákvæða 2. greinar frumvarpsins sé óvissu þar að lútandi eytt.
4. Ekki þarf að taka fram að samþykkt frumvarpsins leiðir til breytinga á samgönguáætlun fyrir árin 2012–2022.

5. Ætla verður að almenn ákvæði hafnalaga gildi eftir sem áður um starfsemi og rekstur Helguvíkurhafnar utan þeirra ákvæða sem fjalla um styrkhæf verkefni í fyrirbyggjandi frumvarpi.
6. Þar sem frumvarpið er sérsniðin löggjöf um eina höfn á Íslandi væri e.t.v. heppilegra að frumvarpinu fylgdi samþykkt aðal- og deiliskipulag hafnarsvæðisins, einstakir framkvæmdaþættir kostnaðarmetnir og raðað í tímasetta verkáætlun. Með þeim hætti fengist gleggri mynd af skuldbindingu ríkissjóðs. Með sama hætti væri unnt að setja ný lög um aðrar hafnir og eða breyta framkomnu frumvarpi til laga og gera markmið þess víðtækara, þannig að það taki almennt til hafna landsins. Gerð yrði þá grein fyrir þessum áformum í samgönguáætlun þannig að yfirlit um heildar fjárfestingarþörf hafna á Íslandi lægi fyrir og framkvæmdir tímasettar.
7. Ljóst er að fjárfestingar margra hafna þurfa að koma til á fyrri hluta þess tímabils sem samgönguáætlun tekur til og fjármunir ríkissjóðs til slíkra verkefna á sama tímabili eflaust takmarkaðir. Gæta þarf þess að fjármunum verði markvisst varið í samræmi við mat sem gert verði á einstökum framkvæmdum.

Stjórn Hafnasambands Íslands telur að með framlagningu og samþykkt fyrirbyggjandi frumvarps sé Alþingi að taka undir og staðfesta ákall hafnasambandsins um að hafnir séu mikilvægur hluti samgöngukerfisins, grundvallar forsenda atvinnulífs og að brýnt sé að tryggja höfnum viðunandi fjárhagsgrundvöll. Verði frumvarpið að lögum er því mikilvægt að allar aðrar hafnir á Íslandi njóti sömu leikreglna og gilda munu um Helguvíkurhöfn þannig að hafnir sem nú njóta takmarkaðri styrkja eða engra geti treyst á framlög úr ríkissjóði til lengri framtíðar. Að lokum er á það bent að skynsamlegt væri að innifela í frumvarpinu ákvæði sem tæki jafnframt til nágrennahafnar Helguvíkurhafnar í Sandgerði.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Gísli Gíslason
formaður